

Reikningskilaráð ríkisins

3. Fundur – 19. desember 2016 kl. 13:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð 2. fundar samþykkt.

2. **Fjárlagafrumvarp 2017.** Rætt var almennt um breytta framsetningu á fjárlagafrumvarpi 2017. Eitt af verkefnum reikningskilaráðs er að fjalla um álitafeni er varða reikningskil A-hluta ríkissjóðs og fjárlög. Fundarmönnum var afhent eintak af frumvarpinu en á næstu fundum ráðsins er fyrirhugað að fjalla um framsetningu þess og hvernig hún falli að reikningshaldinu.

3. **Innleiðing LOF, framhaldsumræða.** Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi var m.a. rætt um:

- Stofnefnahagsreikningar. Á næsta fundi verður hægt að dreifa drögum að stofnefnahag ríkisaðila.
- Fasteignamál. Ekki liggur endanlega fyrir hvar fasteignir ríkissjóðs verða skráðar og hvert framtíðarfyrirkomulag fasteignamála ríkisins á að vera. Mikilvægt er að ákvörðun þar að lútandi liggja fyrir á fyrri hluta árs 2017. Verið er að ná saman eignalistum en í því samhengi kemur oft upp flókin staða sem þarfnast sérstakrar skoðunar. Dæmi þar um eru fasteignir sendiráða erlendis og verðmat á þeim.
- Fjársýslan vinnur áfram að yfirferð á stöðlum IPSAS mtt hverja þeirra er talið unnt að uppfylla þegar frá byrjun og hverja þarf að innleiða í áföngum eða fresta innleiðingu á tímabundið.
- Rætt var sérstaklega, að því gefnu að staðlarnir verði innleiddir á nokkrum árum, um þá áherslu sem þarf að leggja á að gera reikningsskilin sem best samanburðarhæf á milli ára. Þetta eru mál sem ráðið þarf að fjalla um á fundum sínum og fylgja eftir.

4. **Önnur mál.** Umræður fóru fram um:

- Ríkisreikningur 2017 verður í fyrsta sinn gerður upp samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum. Samkvæmt stöðlunum ber ávallt að sýna samanburð við fyrra ár í ársreikningi en þó er þar bráðabirgðaákvæði sem heimilar að sleppa því í fyrsta skipti. Ljóst er að ef birta á 2016 samanburðatölur í ríkisreikningi vegna ársins 2017 þá kallar það á gríðarlega flókna og kostnaðarsama vinnu bæði fyrir Fjársýsluna og Ríkisendurskoðun. Ráðið þarf að meta hvort tilefni sé til að hafa slíkan samanburð í ríkisreikningi. Samanburðartölur sem ekki eru gerðar jafn stífar kröfur til og þarfnast ekki staðfestingar endurskoðenda mætti birta á öðru formi. Fjársýslan mun leggja fram greinargerð til ráðsins fljótlega á árinu 2017 þar sem fjallað verður um málið.
- GFS og IPSAS, samspil fjárlagafrumvarps og ríkisreiknings. Mikilvægt er að þessi tenging sé skýr og liggja fyrir fljótlega á árinu 2017.

Fundi slitið kl. 14:15

Næsti fundur miðvikudaginn 4. janúar kl. 09:00.